

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á reglum Bændasamtaka Íslands um greiðslur vegna kynbótaverkefna í nautgriparækt, verðlagsárið 2008-2009.

Með vísan til c. liðar 11. gr. reglugerðar nr. 670/2008 um greiðslumark mjólkur á lög-  
býlum og greiðslur til bænda verðlagsárið 2008-2009 og gr. 6.4. í samningi um starfsskilyrði  
mjólkurframleiðslu dags. 10. maí 2004, hafa Bændasamtök Íslands sett reglur um fyrirkomu-  
lag greiðslna vegna kynbótaverkefna, verðlagsárið 2008-2009, til þess að öðlast gildi við  
birtingu.

Með vísan til 1. mgr. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað lætur ráðuneytið  
birta reglur þessar í Stjórnartíðindum sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 23. desember 2008.*

F. h. r.

**Ólafur Friðriksson.**

*Arnór Snæbjörnsson.*

### Fylgiskjal.

## REGLUR

### um greiðslur vegna kynbótaverkefna í nautgriparækt, verðlagsárið 2008-2009.

Með vísan til c. liðar 11. gr. reglugerðar nr. 670/2008 um greiðslumark mjólkur á lög-  
býlum og greiðslur til bænda verðlagsárið 2008-2009 og gr. 6.4. í samningi um starfsskilyrði  
mjólkurframleiðslu dags. 10. maí 2004, setja Bændasamtök Íslands eftirfarandi reglur um  
fyrirkomulag greiðslna vegna kynbótaverkefna, verðlagsárið 2008-2009:

#### 1. gr.

Rétt á álagsgreiðslum vegna gæðastýringar í nautgriparækt eiga handhafar bein-/gripa-  
greiðslna á búum sem uppfylla kröfur Bændasamtaka Íslands um gæðastýrt skýrsluhald.

Handhafi greiðslna skv. 1. mgr. skal vera sá sami og er handhafi beingreiðslna og/eða  
gripagreiðslna á búinu, nema annað verði ákveðið.

#### 2. gr.

Sú fjárhæð sem kemur til ráðstöfunar samkvæmt reglum þessum er ákveðin í ofan-  
greindum samningi, reglugerð nr. 670/2008 og lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verð-  
lagningu og sölu á búvörum. Hún skiptist með þeim hætti sem hér segir:

- a. Flöt greiðsla sem nema skal 20% af fjárhæð skv. 1. mgr., greiðist til handhafa  
greiðslna á búum sem uppfylla kröfur um gæðastýrt skýrsluhald.
- b. Hlutfallsgreiðsla sem nema skal 80% af fjárhæð skv. 1. mgr., greiðist í réttu hlutfalli  
við árskúafjölda fyrir tiltekið tímabil.

## 3. gr.

Greiðslutilhöggun og skilyrði greiðslna eru sem hér segir:

- a. Í janúar 2009,  $\frac{1}{3}$  af flatrí greiðslu, auk  $\frac{1}{3}$  af greiðslu miðað við fjölda árskúa á skýrslu 2008. Áskilið er að viðkomandi býli sé með í uppgjöri skýrsluhalds í desember 2008 og hafi skilað skýrslum ársins 2008 fyrir 20. janúar 2009.
- b. Í júní 2009,  $\frac{1}{3}$  af flatrí greiðslu, auk  $\frac{1}{3}$  af greiðslu miðað við fjölda árskúa á skýrslu reiknað í þeim mánuði sem greitt er út. Áskilið er að viðkomandi býli sé með í uppgjöri skýrsluhalds í maí 2009. Skýrsluskil þurfa að vera regluleg, þ.e. fyrir 11. næsta mánaðar eftir mælingarmánuð. Skýrslu vegna maí 2009 skal skilað fyrir 11. júní 2009. Auk þess þarf að liggja fyrir a.m.k. ein niðurstaða úr kýrsýnum fyrir búíð, teknum á fyrsta ársfjórðungi ársins 2009.
- c. Í september 2009,  $\frac{1}{3}$  af flatrí greiðslu, auk  $\frac{1}{3}$  af greiðslu miðað við fjölda árskúa á skýrslu reiknað í þeim mánuði sem greitt er út. Áskilið er að viðkomandi býli hafi skilað skýrslum með reglulegum hætti, þ.e. fyrir 11. næsta mánaðar eftir mælingarmánuð. Býlið skal hafa verið með í uppgjöri í ágúst 2009 og hafa skilað skýrslum fyrir 11. september 2009. Á þeim tíma skulu liggja fyrir a.m.k. tvær niðurstöður (tvö sett) kýrsýna fyrir búíð. Skulu niðurstöður þessar vera af fyrsta og öðrum ársfjórðungi ársins 2009.

## 4. gr.

Standist býli ekki kröfur samkvæmt a. lið 3. gr. getur það engu að síður, að uppfylltum öðrum skilyrðum, öðlast rétt til greiðslna skv. b. lið 3. gr. með því að ganga frá skýrsluskilum fyrir árið 2008 fyrir 11. febrúar 2009. Verði ekki gengið frá skýrsluskilum fyrir þann tíma fellur réttur til greiðslna niður fyrir verðlagsárið 2008-2009.

## 5. gr.

Greiðslur deilast niður miðað við fjölda þeirra sem standast kröfur þess tímabils sem er til viðmiðunar.

*Reykjavík, 22. desember 2008.*

F.h. Bændasamtaka Íslands,

**Eiríkur Blöndal.**